

**23. gr.**

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Rafveitu Snæfjallahrepps nr. 225 12. desember 1963.

*Íðnaðarráðuneytið, 15. október 1970.*

**Jóhann Hafstein.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**REGLUGERÐ****um fasteignaskatt í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. október 1970.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

**SAMÞYKKT****um sveitarstjóra í Ölfushreppi í Árnassýslu.****1. gr.**

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

**2. gr.**

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

**3. gr.**

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar, annarrar en áhættuþóknunar, sem honum verði greidd eftir sömu reglum og innheimtumönnum ríkisins. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf